

## ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR

nr. 28/2000  
frá 31. mars 2000

### um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 161/1999 frá 26. nóvember 1999<sup>(1)</sup>.
- 2) Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1308/1999 frá 15. júní 1999 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarks magn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu<sup>(2)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 3) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1942/1999 frá 10. september 1999 um breytingu á I., II. og III. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarks magn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu<sup>(3)</sup> skal felld inn í samninginn.
- 4) Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1943/1999 frá 10. september 1999 um breytingu á I., II. og III. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 þar sem mælt er fyrir um sameiginlega aðferð til að ákvarða hámarks magn leifa dýralyfja í matvælum úr dýraríkinu<sup>(4)</sup> skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

---

<sup>(1)</sup> Hefur enn ekki verið birt.

<sup>(2)</sup> Stjt.íð. EB L 156, 23.6.1999, bls. 1.

<sup>(3)</sup> Stjt.íð. EB L 241, 11.9.1999, bls. 4.

<sup>(4)</sup> Stjt.íð. EB L 241, 11.9.1999, bls. 9.

*1. gr.*

Eftirfarandi undirliðir bætist við í 14. lið (reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90) í XIII. kafla II. viðauka við samninginn:

- „ - **399 R 1308:** Reglugerð ráðsins (EB) nr. 1308/1999 frá 15. júní 1999 (Stjtið. EB L 156, 23.6.1999, bls. 1),
- **399 R 1942:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1942/1999 frá 10. september 1999 (Stjtið. EB L 241, 11.9.1999, bls. 4),
- **399 R 1943:** Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1943/1999 frá 10. september 1999 (Stjtið. EB L 241, 11.9.1999, bls. 9).“

*2. gr.*

Texti reglugerðar ráðsins (EB) nr. 1308/1999 og reglugerða framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1942/1999 og (EB) nr. 1943/1999 á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

*3. gr.*

Ákvörðun þessi öðlast gildi þann 1. apríl 2000, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni(\*).

---

(\* ) Engin stjórnskipuleg skilyrði tilgreind.

4. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi*  
*Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 31. mars 2000.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar*  
*Formaður*

*F. Barbaso*

*Ritarar*  
*sameiginlegu EES-nefndarinnar*

*G. Vik*

*E. Gerner*

